

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/9/16

frá 23. október 2002

um breytingu á tilskipun 2001/14/EB að því er varðar dagsetninguna þegar skipt er um tímaáætlun fyrir járnbrautarflutninga (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 3997)

(2002/844/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB frá 26. febrúar 2001 um úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og álagningu gjalda fyrir notkun á járnbrautargrunnvirkjum og fyrir öryggisvottun ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 34. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í III. viðauka við tilskipun 2001/14/EB er sett fram áætlun um ferli við úthlutun aðstöðu við járnbrautargrunnvirki og mælt fyrir um að breytingar á tímaáætluninni skuli fara fram árlega á miðnætti síðasta laugardag maímánaðar.
- 2) Af ástæðum er varða hagkvæman rekstur leggja stjórnendur grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækja það til að dagsetning fyrir breytingar á tímaáætluninni sé færð fram til desember ár hvert.
- 3) Breyta ber III. viðauka við tilskipun 2001/14/EB til samræmis við þetta.
- 4) Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2001/14/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. liðar III. viðauka við tilskipun 2001/14/EB komi eftirfarandi:

„2. Skipt er um tímaáætlun á miðnætti annan laugardag desembermánaðar. Ef breyting eða aðlögun er gerð eftir veturinn, einkum til að taka tillit til breytinga á tímatöflum fyrir svæðisbundna umferð farþega, ef við á, skal hún gerð á miðnætti annan laugardag júnímánaðar og á öðrum tímum milli þessara tveggja daga eftir því sem þörf krefur. Stjórnendur grunnvirkja geta komið sér saman um aðra daga og skulu þeir tilkynna framkvæmdastjórninni um það ef það hefur hugsanlega áhrif á umferð milli landa.“

2. gr.

Beita skal þessari ákvörðun, að því er varðar tímaáætlun fyrir 2003, frá og með 14. desember 2002. Vegna sérstaks reglusetningarkerfis í Stóra-Bretlandi er Breska konungsríkinu heimilt að beita henni frá og með tímatöflunni fyrir árið 2004 sem hefst í desember 2003, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á önnur ákvæði tilskipunarinnar, einkum þau sem varða alþjóðasamvinnu.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. október 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 289, 26.10.2002, bls. 30. Hennar er getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 29, 5.6.2003, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 75, 15.3.2001, bls. 29.